

Móðurmál - Hvað er málið?



Markmið verkefnisins:

- Að styrkja nemendur í sínu móðurmáli
- Að styrkja menningarlegan bakgrunn þeirra og þar með þau sjálf
- Að vinna markvisst gegn fordómum
- Að nemendur af erlendum uppruna standi sig vel í námi
- Að efla sjálfsálit nemenda af erlendum uppruna
- Að nemendur finni tilgang með náminu.

Leiðir sem valdar voru:

- Heimanámsaðstoð fyrir nemendur af erlendum uppruna
- Móðurmálsnámskeið fyrir tvítyngda nemendur af erlendum uppruna, pólska, rússneska, danska og ewe (tungumál talað í Ghana)
- Skólalæping-Kvíði

Frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnisins:

- Samskipti við foreldra hafa í einhverjum tilfellum verið meiri en áður en hefðum gjarna viljað ná til fleiri
- Nemendur sem höfðu prófað fjarnám á síðasta skólaári voru ekki ánægðir með það fyrirkomulag núna

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Við reyndum að kenna 2 tungumál í fjarnámi í gegnum Skype (til viðbótar þeim fjórum sem kennd voru í staðnámi) en það gekk ekki. Í öðru tilfallinu var aðeins einn nemandi eftir, þau voru þrjú á síðasta skólaári, og hafði það eitthvað að segja, í hinu tilfallinu hafði líka fækkað í hópnum frá síðasta skólaári og náðist ekki áhugi hjá nemendum til að mæta í tíma.
- Einhverjir nemendur kvörtuðu yfir því að kennslan væri eftir venjulegan skólalæring.

Helstu ávinningar:

- Nemendur sem eiga sameiginlegt móðurmál kynnast betur og tala meira saman á sínu tungumáli. Öðluðust meira sjálfstraust þegar þau upplifðu viðurkenningu og áhuga starfsmanna og nemenda á þeirra móðurmáli. Í einu tungumáli er t.d. einn nemandi og hann var ekki mjög áhugasamur í byrjun en móðir hans, sem er af erlendu bergi brotin, hafði mikinn áhuga á að hann mætti. Það fór loks að ganga vel þegar annar nemandi úr sama bekk, sem á íslenska foreldra, fór að sýna því áhuga að koma í tímana. Þeir voru því tveir í tímanum. Kennarinn var líka ánægður með þetta fyrirkomulag.
- Þau ná sterkari tengslum við bakgrunn sinn og sérstöðu þess lands sem þau koma frá og styrkja samband sitt við foreldra og ættingja.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Verkefnið eflir og styrkir nemendur og þau verða fróðari um sinn menningarlega bakgrunn og læra að bera virðingu fyrir uppruna sínum

- Í annað sinn í vetur bjóðum við tvítyngdum nemendum upp á kennslu í sínu móðurmáli, eftir að þeirra stundaskrá lýkur. Viðbrögð foreldra í samtölum þegar við kynntum fyrir þeim námskeiðin voru góð, foreldrar voru undrandi á því að við byðum upp á slíka kennslu en þakklátir. Nemendurnir sjálfir hafa yfirleitt mætt vel.

Niðurstöður verkefnisins:

- Þar sem þetta er annað skólaárið sem við bjóðum upp á slíka kennslu eru nemendur betur meðvitaðir um tilganginn og mikilvægi slíkrar kennslu. Sumir eru að læra núna fyrst að hafa einhver samskipti á móðurmáli foreldris sem talar jafnvel litla íslensku. Nemendur hafa lært grunnatriði í móðurmálinu og eru komin mislangt en samskipti þeirra á milli hafa líka haft mikið að segja. Nemendur hafa líka lært sitthvað um menningu og siði þeirra landa sem þau eru ættuð frá.

Kynning á verkefninu:

- Nú sem áður höfum við kynnt verkefnið fyrir starfsmönnum skólans á fundum og í spjalli. Markmið okkar var að sinna þessum hópi nemenda betur og að þannig myndum við styrkja sjálfsálit þeirra, við teljum að sú vinna sé í góðum farvegi og hún mun halda áfram.
- Á heimasíðu skólans <http://storuvogaskoli.is/> er myndband (verður opnað á skólaslitadaginn 5.júní) með viðtölum við nemendur sem hafa verið að læra pólsku, ewe, rússnesku og dönsku. Einnig heyrum við viðhorf kennara þessara nemenda.
- Það verður sérstaklega sagt frá þessari móðurmálskennslu í skólaslitaræðu skólastjóra 5.júní n.k. og þá sendum við póst á foreldra með tengli á myndbandið.

Markmiðin voru:

- Að styrkja nemendur í sínu móðurmáli
 - Með því að bjóða upp á móðurmálskennsluna hafa augu nemenda opnast fyrir því hversu heppin þau eru að eiga tvö móðurmál
 - Þau hafa meira sjálfsálit og virka upplitsdjarfari
- Að styrkja menningarlegan bakgrunn þeirra og þar með þau sjálf
 - Kennararnir hafa sérstaklega gætt þess að kynna fyrir nemendum menningu þeirra landa sem þau eru ættuð frá, þeim til gleði og gagns
- Að vinna markvisst gegn fordómum
 - Nemendur hafa þurft að takast á við fordóma annarra en líka þeirra eigin.
- Að nemendur af erlendum uppruna standi sig vel í námi
 - Við teljum að nemendur hafi styrkst í námi þar sem þau fá mikla jákvæða athygli hjá starfsmönnum og nemendum.
- Að efla sjálfsálit nemenda af erlendum uppruna
 - Sjálfsálit nemenda eflist um leið og þau finna fyrir mikilvægi móðurmálskennslunnar

- Að nemendur finni tilgang með náminu.
 - Nemendur sjá fram á að samskipti þeirra, við t.d. afa og ömmu erlendis, muni ganga betur en tilgangurinn er að efla samskiptahæfni milli nemenda, foreldra og fjölskyldu í viðkomandi landi. Við leggjum líka áherslu á að nemendur fái kynningu á siðum og menningu síns lands.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Myndband birt á heimasíðu skólans og í skólaslitaræðu skólastjóra.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um:

Þetta er annað skólaárið sem við bjóðum upp á móðurmálskennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Á síðasta skólaári voru flestir tímarnir í fjarkennslu en nú vorum við svo heppin að fá kennara á staðinn. Við höfum betri reynslu af því þar sem bein tengsl við kennarana halda nemendum frekar við efnið. Nemendum þykir orðið sjálfsagt að mæta, yfirleitt.

Við höfum ákveðið að hafa þessa tíma áfram á næsta skólaári, svo framarlega sem við fáum kennarara. Sú kennsla verður þá á námskeiðsformi og jafnvel þannig að hún fari fram á skólatíma þar sem eldri nemendur eru frekar ósáttari við að lengja skóladaginn. Við þurfum þá að huga sérstaklega að því að þau missi ekki alltaf úr sömu tímana.

Vogum í maí 2018

Svava Bogadóttir, verkefnisstjóri